

## L Ö G

25

14. maí

um breyting á lögum nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef fjárhagur sjóðsins leyfir, er enn fremur heimilt að veita framangreindum aðilum lán úr sjóðnum með sömu skilmálum til þess að koma upp elliheimilum.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 14. maí 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

26

14. maí

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. mgr. 63. gr. orðist svo:

Á vegum skulu riðandi menn halda sig á vinstri hluta vegarins. Þeim ber að víkja greiðlega til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 14. maí 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*

A 19<sup>a</sup>